

Fundur 6.11.2023 Amanda indversk prinsessa.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

*Góða kvöldið.*

Allt of langt er síðan ég hef kom á ykkar fund og bið ykkur friðar og blessunar.

*Já takk fyrir það.*

Vorum við mörg saman komin á mínum hnetti til þess að hjálpa miðli ykkar á rétta slóð og koma fram á réttum hnetti og hjálpa til við það að koma á stöðugu miðilssambandi við ykkur.

Og vorum við mjög nálægt því að opna annan miðil til ykkar á sínum tíma og munum við reyna að halda því áfram og er hér orkan mikil og erum við ekki bundin því hvort að fólk komi í vísindalegum tilgangi til þess að fræðast og eflast og magnast eða hvort fólk kemur saman í anda spíritista og nýtur velvildar okkar og magnanar og reynum við það að koma inn vísidómskornum og magnan einnig.

Og höfum við lengi verið að reyna að aðstoða og hjálpa og finnst okkur miður að frumlífs jörð ykkar hefur ekki komist á vísindaleiðina á þessu sviði, fyrir utan ykkar fund og hóp sem hefur unnið mjög gott starf í þessum efnum.

Þegar ég var uppi á jörðinni þá var lífið harla gott á mínu landi og menning okkar í ákveðnum blóma, eins og hún er kannski enn.

En það leið langur tími þangað til menning okkar í framlífi þróaðist í hina vísindalegu átt að öllu leiti og því má segja að áhugi minn á ykkar norrænu menningu sem hefur verið hávísindaleg og í átt að lífstefnunni og réttum skilningi miklu lengur en þið gerið ykkur grein fyrir í nútímanum.

Hafi ekki vaknað fyrr en ég kom á hnött þar sem forfeður mínir af ykkar ætt og kynstofni mættu okkur að nýju og kynntu okkur menningu sína hreina og ómengaða, en það er að vísu mjög langt síðan það var miðað við þau framlíf sem ég hef lifað.

Og hef ég því haft nægan tíma til að fræða mig um hin vísindalegu efni.

Þegar ég var uppi á jörðinni í frumlífi mínu, var ég það sem kallað er prinsessa, indversk prinsessa og naut ég þess lengi, þau góðu áhrif að hafa tilheyrt góðri og hárri stétt í því margslungna og fjölbreytilega þjóðfélagi sem Indland er.

Og naut ég þess síðar að nafn mitt var sama heiti og Gyðja ein ber í okkar þjóðtrú og magnaði það mig mjög persónulega og var það áður en vísindalegur áhugi minn hófst síðar í framlífi.

Finn ég að margir Íslendingar eru þannig skapi farnir að þeir eiga auðveldara með að tileinka sér erlend trúarbrögð en innlend.

Og kannski mun það hjálpa þeim að leita til mín og annarra Indverja að fornu eða nýju og eru við mjög sterkt andsvar við Jahve veldinu þar sem við höfum dreifst víða á framlífs hnetti og höfum ekki undir gengist hans trúarbrögð, nema lítið.

Og vil ég kærlega biðja að heilsa þeim tilvonandi miðli meðal ykkar sem við reyndum til starfa hjá ykkur og munaði ekki nema hársbreidd, Einar heitir hann.

*Já, jú jú, ég man eftir því. Ert þú Lofn?*

Nei, Amanda heiti ég, prinsessa, indversk prinsessa.

*Já, það er gott að starfa með ykkur.*

Já, þakka ég fyrir, og heiti einnig Gyðju nafni og hefur Gyðja stundum magnað sambandið og kemur kannski síðar í sambandið sjálf og segir frá nákvæmar.

En nú verð ég að kvöja en þakka ykkur fyrir og megið ætíð leita til mín og okkar Guða og Gyðja.

Verið þið sæl.

*Ég þakka þér kærlega fyrir komuna og vertu velkomin aftur.*

Takk fyrir.

*Blessuð.*